

## REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 502/2020 um gildistöku framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um opinbert eftirlit með sendingum af dýrum og vörum í umflutningi, umfermingu og áframhaldandi flutningi gegnum Sambandið.

### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum, sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um opinbert eftirlit með sendingum af dýrum og vörum í umflutningi, umfermingu og áframhaldandi flutningi gegnum Sambandið og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008, (EB) nr. 1251/2008, (EB) nr. 119/2009, (ESB) nr. 206/2010, (ESB) nr. 605/2010, (ESB) nr. 142/2011, (ESB) nr. 28/2012, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26, frá 23. apríl 2020, bls. 961.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2190 frá 29. október 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/2124 að því er varðar opinbert eftirlit á landmæraeftirlitsstöðvum þar sem vörur fara frá Sambandinu og tiltekin ákvæði um umflutning og umfermingu. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 240/2020, frá 30. desember 2020.

### 2. gr.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2190, sem nefnd er í 2. tl. 1. gr., er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995, um matvæli, lög nr. 54/1990, um innflutning dýra og lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, öll með síðari breytingum.

### 4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi. Um þvingunarúrræði og viðurlög vísast til laga nr. 93/1995, um matvæli, lög nr. 54/1990, um innflutning dýra og laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. janúar 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Lönn Guðjónsdóttir.*

**Fylgiskjal.****FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/2190**

frá 29. október 2020

**um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/2124 að því er varðar opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum þar sem vörur fara frá Sambandinu og tiltekin ákvæði um umflutning og umfermingu**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) <sup>(1)</sup>, einkum b- og d-lið 1. mgr. 51. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 <sup>(2)</sup> eru fastsettar reglur um opinbert eftirlit sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna <sup>(3)</sup> inna af hendi með sendingum af dýrum og vörum í umflutningi, umfermingu og áframhaldandi flutningi gegnum Sambandið.
- 2) Þar eð þó nokkrir rekstraraðilar koma að umflutningi og umfermingu, þ.m.t. innflytjendur, flutningsaðilar, tollmiðlarar og seljendur, er nauðsynlegt að tilgreina að rekstraraðilar sem bera ábyrgð á sendingum eiga að fara að reglunum í framseldri reglugerð (ESB) 2019/2124.
- 3) Til að tryggja rekjanleika sendinga þangað til þær fara frá yfirráðasvæði Sambandsins á opinbert vottorð, sem er gefið út í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2128 <sup>(4)</sup>, að fylgja sendingunum frá samþykktum vörugæmslum til landamæraeftirlitsstöðvanna þar sem vörurnar fara frá yfirráðasvæði Sambandsins.
- 4) Í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2128 er heimilt að gefa opinber vottorð út á pappír. Af því leiðir að lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á opinberu eftirliti í herstöðvum Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna, lögbær yfirvöld á landamæraeftirlitsstöðvum þar sem vörurnar fara frá Sambandinu og fulltrúi skipstjóra skips eða rekstraraðili sem ber ábyrgð á að afhenda sendingarnar í skip sem fer frá yfirráðasvæði Sambandsins ætti einnig að hafa þann möguleika að meðárita opinber vottorð sem eru gefin út á pappír og skila slíkum opinberum vottorðum innan 15 daga frá þeim degi þegar umflutningurinn var leyfður.
- 5) Með það fyrir augum að vernda heilbrigði manna og dýra má heimila að sendingar af afurðum úr dýraríkinu, kímefnum, aukaafurðum úr dýrum, afleiddum afurðum, heyi og hálm og samsettum afurðum, sem eru í umflutningi frá einu þriðja landi til annars þriðja lands, fari gegnum yfirráðasvæði Sambandsins að því tilskildu að þær uppfylli tiltekin skilyrði. Slík skilyrði ættu að innihalda tilhlýðilega vöktun með sendingum á meðan á umflutningi stendur og við væntanlega framvísun þeirra til opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöðinni þar sem þær fara frá yfirráðasvæði Sambandsins.
- 6) Til að tryggja vernd fyrir heilbrigði manna og dýra ætti að bæta afurðum úr dýraríkinu við þær vörur sem eiga að sæta eftirliti á landamæraeftirlitsstöðinni þar sem vörurnar fara frá Sambandinu.
- 7) Í framseldri reglugerð (ESB) 2019/2124 er mælt fyrir um sértækar kröfur um umflutning á dýrum, afurðum úr dýraríkinu, kímefnum, aukaafurðum úr dýrum, afleiddum afurðum, heyi og hálm og samsettum afurðum sem eru flutt frá einum hluta af yfirráðasvæði Sambandsins til annars hluta af yfirráðasvæði Sambandsins og fara gegnum yfirráðasvæði þriðja lands.
- 8) Eftir aðlögunartímabilið sem var samþykkt sem hluti af samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu („útgöngusamningurinn“) skal framvísa afurðum úr dýraríkinu, kímefnum, aukaafurðum úr dýrum, afleiddum afurðum, heyi og hálm og samsettum afurðum, sem eru flutt frá einum hluta af yfirráðasvæði Sambandsins til annars hluta af yfirráðasvæði Sambandsins og fara gegnum Breska konungsríkið, að undanskildu Norður-Írlandi, til opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöðinni þar sem sendingin

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4. 2017, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2124 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um opinbert eftirlit með sendingum af dýrum og vörum í umflutningi, umfermingu og áframhaldandi flutningi gegnum Sambandið og um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008, (EB) nr. 1251/2008, (EB) nr. 119/2009, (ESB) nr. 206/2010, (ESB) nr. 605/2010, (ESB) nr. 142/2011, (ESB) nr. 28/2012, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 73).

(3) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, gildir þessi reglugerð um og í Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland.

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2128 frá 12. nóvember 2019 um að koma á fyrirmynd að opinberu vottorði ásamt reglum um útgáfu opinberra vottorða fyrir vörur sem eru afhentar til skipa sem fara frá Sambandinu og eru ætlaðar sem birgðir skips eða til neyslu fyrir áhöfn og farþega eða til herstöðvar Atlantshafsbandalagsins eða herstöðvar Bandaríkjanna (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 114).

kemur aftur inn í Sambandið. Hugtakið „yfirráðasvæði Sambandsins“ tekur til Norður-Írlands að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar.

- 9) Á grundvelli fyrirframtílykningar um komu sendingar og sannprófunar skjala ættu lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvar þar sem sendingin kemur aftur inn í Sambandið að vera fær um að meta hvort sendingin, sem er í umflutningi, megi koma aftur inn í Sambandið eða hvort það eigi að framvísa henni til frekara eftirlits. Rekstraraðilinn sem ber ábyrgð á sendingunni ætti að virkja þessa fyrirframtílykningu. Fyrirframtílykning og sannprófun skjala ættu að fara fram gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit (IMSOC).
- 10) Nokkur aðildarríki hafa þó beint athyglinni að raunhæfum vandamálum og verulegri stjórnsýslubyrði við að nota upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit fyrir fyrirframtílykningar og sannprófun skjala í því ákveðna tilviki þegar um er að ræða umflutning gegnum Breska konungsríkið, að undanskildu Norður-Írlandi.
- 11) Til að komast hjá hvers konar töfum sem stafa af stjórnsýslubyrði við að fara að formsatriðum í tengslum við skjöl vegna endurinnkomu afurða úr dýrarikinu, kímefna, aukaafurða úr dýrum, afleiddra afurða, heys og hálmis og samsettra afurða inn í Sambandið ætti að veita aðildarríkjum þann möguleika að nota annað upplýsingakerfi sem nær fram sömu markmiðum og upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit varðandi fyrirframtílykningar og skráningu niðurstaðna úr sannprófun skjala á landamæraeftirlitsstöðinni þar sem sending kemur aftur inn í Sambandið eftir umflutning gegnum Breska konungsríkið, að undanskildu Norður-Írlandi.
- 12) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/2124 til samræmis við það.
- 13) Til að tryggja að ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, séu skilvirkar eftir að aðlögunartímabilinu í útgöngusamningnum lýkur ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/2124 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 7. liðar 2. gr. kemur eftirfarandi:

„7) „landamæraeftirlitsstöð þar sem sending kemur inn í Sambandið“: landamæraeftirlitsstöð þar sem dýrum og vörum er framvísað til opinbers eftirlits og fara síðan þaðan inn í Sambandið til setningar á markað eða til umflutnings gegnum yfirráðasvæði Sambandsins (\*) og þetta getur verið landamæraeftirlitsstöðin þar sem þau koma fyrst inn í Sambandið,

(\*) Hugtakið „yfirráðasvæði Sambandsins“ tekur til Norður-Írlands að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar.“

- 2) Í stað 14. gr. kemur eftirfarandi:

*„14. gr.*

**Geymsla umfermdra sendinga af afurðum úr dýrarikinu, kímefnum, aukaafurðum úr dýrum, afleiddum afurðum, heyi og hálmí og samsettum afurðum**

Rekstraraðili sem ber ábyrgð á sendingum af afurðum úr dýrarikinu, kímefnum, aukaafurðum úr dýrum, afleiddum afurðum, heyi og hálmí og samsettum afurðum skal tryggja að þessar sendingar séu einungis annaðhvort geymdar á umfermingartímabilinu:

- i. á lögsvæði eða frísvæði í sömu höfn eða á sama flugvelli í lokuðum umbúðum eða
- ii. í geymsluáðstöðu í atvinnurekstri undir stjórn sömu landamæraeftirlitsstöðvarinnar, í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 11. og 12. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1014 (\*\*).

(\*\*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1014 frá 12. júní 2019 um að mæla fyrir um ítarlegar reglur um lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar, þ.m.t. skoðunarmiðstöðvar, og um snið, flokka og skammstafanir til að nota til að skrá landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði (Stjtið. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 10).“

- 3) Í stað c-liðar 29. gr. kemur eftirfarandi:

„c) rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunni, tryggir að opinbert vottorð, í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2128, fylgi sendingunni á viðtökustað hennar eða til landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem vörurnar fara frá yfirráðasvæði Sambandsins“.

- 4) Ákvæðum 31. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Rekstraraðili sem ber ábyrgð á sendingum af vörum, sem um getur í 1. mgr., má afferma þessar sendingar í viðtökuhöfn áður en sendingarnar eru afhentar um borð í skip sem fer frá yfirráðasvæði Sambandsins að því tilskildu að töllyfirvöld heimili þessa aðgerð og hafi eftirlit með henni og að skilyrðin fyrir afhendingu, sem eru tilgreind í tilkynningunni sem um getur í 1. mgr., séu uppfyllt.“

- b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Fulltrúinn, sem um getur í 3. mgr., eða rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á afhendingu sendinganna um borð í skip sem fer frá yfirráðasvæði Sambandsins, skal skila meðáritaða opinbera vottorðinu, sem um getur í a-lið 3. mgr., til lögbærra

yfirvalda landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem sendingin kemur inn í Sambandið eða vörugeymslunnar innan 15 daga frá þeim degi þegar heimild var veitt fyrir umflutningi á landamæraeftirlitsstöðinni þar sem sendingin kemur inn í Sambandið eða í vörugeymslunni.“

- 5) Í stað 32. gr. kemur eftirfarandi:

„32. gr.

**Skyldur rekstraraðila til að framvísa vörum,  
sem fara frá yfirráðasvæði Sambandsins, til opinbers eftirlits**

1. Rekstraraðili, sem ber ábyrgð á sendingum af afurðum úr dýraríkinu, kímefnum, aukaafurðum úr dýrum, afleiddum afurðum, heyi og hálmni og samsettum afurðum, sem fara frá yfirráðasvæði Sambandsins til flutnings til þriðja lands, skal framvísa þessum sendingum til opinbers eftirlits hjá lögbærum yfirvöldum landamæraeftirlitsstöðvarinnar, sem er tilgreind í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu, á stað sem þessi lögbæru yfirvöld tilgreina.
2. Rekstraraðili sem ber ábyrgð á sendingum af vörum, sem um getur í 1. mgr., sem fara frá yfirráðasvæði Sambandsins til afhendingar á herstöð Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna, sem er staðsett í þriðja landi, skal framvísa þessum sendingum til opinbers eftirlits hjá lögbærum yfirvöldum landamæraeftirlitsstöðvarinnar sem er tilgreind í opinbera vottorðinu sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2128.“

- 6) Í stað 33. gr. kemur eftirfarandi:

„33. gr.

**Opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðinni þar sem vörurnar fara frá yfirráðasvæði Sambandsins**

1. Lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum, afleiddar afurðir, hey og hálmur og samsettar afurðir fara frá yfirráðasvæði Sambandsins skulu inna af hendi sannprófun auðkenna til að tryggja að sending, sem er framvísað, sé í samræmi við sendinguna sem um getur í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu eða í opinbera vottorðinu, sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2128, sem fylgir sendingunni. Þau skulu einkum sannreyna að innsiglin sem voru fest á ökutækin eða flutningagámanna í samræmi við 19. gr. (d-liður), 28. gr. (d-liður) eða 29. gr. (e-liður) séu enn órofin.
2. Lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem vörurnar, sem um getur í 1. mgr., fara frá yfirráðasvæði Sambandsins skulu skrá niðurstöðuna úr opinbera eftirlitinu í III. hluta samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalsins eða í III. hluta opinbera vottorðsins sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2128.
3. Lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvarinnar sem bera ábyrgð á eftirlitinu, sem um getur í 1. mgr., skulu staðfesta við lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem sendingin kemur inn í Sambandið eða vörugeymslunnar, innan 15 daga frá þeim degi þegar heimild var veitt fyrir umflutningi á landamæraeftirlitsstöðinni þar sem sendingin kemur inn í Sambandið eða í vörugeymslunni, að sendingin sé komin og að hún sé í samræmi við þessa reglugerð, annaðhvort með:
  - a) því að færa viðeigandi upplýsingar inn í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit eða
  - b) meðárita opinbera vottorðið sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2128 og skila upprunalega vottorðinu til lögbærra yfirvalda vörugeymslunnar eða senda þeim afrit af því.“

- 7) Ákvæðum 35. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti í herstöð Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna á viðtökustaðnum skulu inna af hendi sannprófun auðkenna til að staðfesta að sendingin sé í samræmi við sendinguna sem fellur undir samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið eða undir meðfylgjandi opinbert vottorð sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2128. Þau skulu einkum sannreyna að innsiglin sem voru fest á ökutækin eða flutningagámanna, í samræmi við d-lið 19. gr. og e-lið 29. gr., séu enn órofin.“

- b) Eftirfarandi 3. mgr. er bætt við:

„3. Lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti í herstöðvum Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna á viðtökustaðnum skulu staðfesta við lögbær yfirvöld landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem sendingin kemur inn í Sambandið eða vörugeymslunnar, innan 15 daga frá þeim degi þegar heimild var veitt fyrir umflutningi á landamæraeftirlitsstöðinni þar sem sendingin kemur inn í Sambandið eða í vörugeymslunni, að sendingin sé komin og að hún sé í samræmi við þessa reglugerð, annaðhvort með:

- a) því að færa viðeigandi upplýsingar inn í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit eða
- b) meðárita opinbera vottorðið sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2128 og skila upprunalega vottorðinu til lögbærra yfirvalda vörugeymslunnar eða senda þeim afrit af því.“

- 8) Í stað 3. mgr. 36. gr. kemur eftirfarandi:  
„3. Rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingu af vörum, sem um getur í 1. mgr., skal flytja sendinguna beint á einn af eftirfarandi viðtökustöðum:
- a) landamæraeftirlitsstöðina þar sem umflutningur um Sambandið var leyfður eða
  - b) vörugeymsluna þar sem hún var geymd áður en þriðja land synjaði um komu.“
- 9) Ákvæðum 37. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi 4. mgr. a er bætt við:
- „4a. Að því er varðar sendingar af vörum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem falla ekki undir dýraheilbrigðiskröfur varðandi komu inn í Sambandið í samræmi við reglurnar sem um getur í d- og e-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og sem eru fluttar frá einum hluta af yfiráðasvæði Sambandsins til annars hluta af yfiráðasvæði Sambandsins og fara gegnum Breska konungsríkið, að undanskildu Norður-Írlandi, er rekstraraðilunum, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, heimilt að senda fyrirframtilkynningu um komu þessara sendinga til lögbærra yfirvalda landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem sendingin kemur aftur inn í Sambandið gegnum annað upplýsingakerfi, eða samsetningu upplýsingakerfa, en upplýsingastjómunarkerfið fyrir opinbert eftirlit að því tilskildu að slíkt kerfi eða samsetning kerfa:
- a) hafi verið hannað af lögbærum yfirvöldum,
  - b) geri rekstraraðilum kleift að leggja fram eftirfarandi upplýsingar:
    - i. lýsingu á vörum í umflutningi,
    - ii. auðkenningu flutningatækisins,
    - iii. áætlaðan komutíma,
    - iv. uppruna og viðtökustað sendinganna og
  - c) geri lögbærum yfirvöldum landamæraeftirlitsstöðvarinnar þar sem sendingin kemur aftur inn í Sambandið kleift að:
    - i. meta upplýsingarnar sem rekstraraðilar láta í té,
    - ii. upplýsa rekstraraðila um það ef framvísa þarf sendingunum til viðbótarathugana sem kveðið er á um í 4. mgr.“
- b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:
- „5. Rekstraraðilar sem bera ábyrgð á sendingum af dýrum, sem eru fluttar frá einum hluta af yfiráðasvæði Sambandsins til annars hluta af yfiráðasvæði Sambandsins og fara gegnum yfiráðasvæði þriðja lands, skulu framvísa þessum sendingum til opinbers eftirlits á brottfararstað frá yfiráðasvæði Sambandsins.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. október 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*  
Ursula von der Leyen  
*forseti.*

---

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2021